

Embætti landlæknis

# Móttökuritari



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða vanan og úrræðagóðan móttökuritara til starfa. Í boði er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf í lifandi umhverfi þar sem reynir á góða samskiptahæfni, ríka þjónustulund og fagmennsku. Um er að ræða fullt starf.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

**4. júní**

Helstu verkefni

- Símsvörun, móttaka og úrvinnsla fyrirspurna.
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.
- Upplýsingagjöf, skráning og frágangur í tengslum við starfsleyfi.
- Aðstoð við skjalavörslu.
- Útsending pantana og pöntun á skrifstofuvörum.
- Ýmis önnur verkefni sem til falla.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6738**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun.
- Þekking og reynsla af skjalavistun kostur.
- Starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu kostur.
- Almenn og góð tölvukunnátta er skilyrði.
- Gott vald á íslensku og ensku, Norðurlandamál er kostur.
- Góð samskiptahæfni, rík þjónustulund, samviskusemi og nákvæmni.

Embætti landlæknis starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu. Hlutverk embættisins í hnotskurn er að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsuefingu og öflugum forvörnum.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.